

Inngangur

Fyrirtæki sem eru á listum Tollbandalagsins (TB) eða hafa sótt um að komast á lista skulu setja upp sýnatökuáætlun svo hægt sé að sýna fram á að afurðir uppfylli kröfur Tollabandalagsins. Í sýnatökuáætluninni skal tíðni sýnatöku, fjöldi sýna (eininga) og rannsóknarþættir skilgreindir. Sýnatökuáætlun skal taka mið af magni og mælt er með að sýni séu tekin reglulega af sendingum sem fara til tollabandalagsins. Einnig er hér sett fram til leiðbeininga tíðni sýnatöku. Í þessum leiðbeiningum eru viðmið fyrir ferskan fisk (frosinn/kældur). Fyrirtæki skulu kynna sér viðmið fyrir aðrar afurðir sem fluttar eru til Tollabandalagsins og setja upp sambærilega sýnatökuáætlun. Viðmið eru í „[Decision No. 299 May 2010 Chapter II section 1 Safety requirements and nutritional value of food](#)“ sem er á heimasíðu MAST á slóðinni: <http://mast.is/innogutflutningur/dyraafurdir/utflutningur/?info=1> Viðmið fyrir fisk eru í töflu 3.

Framkvæmd

Örverur

Taka skal sýni af hverri þeirra fisktegunda sem eru fluttar út til tollbandalagsins. Að lágmarki skal taka sýni á fjögurra mánaða fresti. Horfa skal til framleiðslumagns þegar tekin er ákvörðun um tíðni. Í hvert skipti sem sýni er tekið er mælt með að tekin séu 5 einingar /sýni (n=5) á víð og dreif úr lotunni. Hver eining skal vera að lágmarki 200 g. Hverri einingu skal pakkað sér og þær eru síðan auðkenndar og sendar á rannsóknastofu. 5 sýni gefa betri upplýsingar um örverufræðilegt ástand lotunnar en eitt stakt sýni. Sýnið skal greint með tilliti til þeirra þátta sem kom fram í töflu 1 hér fyrir neðan. Athugið taflan lýsir þáttum sem skal greina í hráum fiski, frosnum eða kældum.

Histamín

Taka skal sýni af síld og makríl til greiningar á histamín. Einnig skal taka sýni af eldislaxi. 9 sýni af síld og makríl skal taka einu sinni á vertíð. 1 sýni skal taka af laxi 2 sinnum á ári. Sýnin skal taka í lok framleiðslunnar þ.e. eftir frystingu. Viðmið eru töflu 1

Tafla 1. Örverur og histamín sem greina á í ferskum fiski (frosinn, kældur)

Rannsóknarþættir	Viðmið
Líftala við 30°C (Mesophilic aerobic and facultative anaerobic CFU/g)	<100.000/g
Kólígerlar (coliform)	<1000/g
Staphylococcus aureus	<100/g
Salmonella	Finnst ekki í 25 g
Listeria monocytogenes	Finnst ekki í 25 g
Vibrio parahaemolyticus	<100/g
Histamín	<100 mg/kg

Aðskotaefni

Taka skal sýni einu sinn á ári að lágmarki af einhverri þeirra fisktegunda sem fluttar eru til Tollabandalagsins til greiningar á efnum sem tilgreind eru í töflu 2. Sýnatökuáætlun til þriggja ára skal spanna þær fisktegundir sem seldar eru til tollabandalagsins. Í niðurstöðum skulu koma fram upplýsingar um tegund fisks, veiðisvæði, og dagsetning veiða.

Tafla 2 Aðskotaefni sem greina á í ferskum fiski (frosinn, kældur)

Rannsóknþættir	Viðmið
Bly Pb	1 mg/kg, fiskur 2 mg/kg túnfiskur
Cadmium Cd	0,2 mg/kg
Kvikasilfur Hg	0,3 mg/kg ferskvatnsfiskur 0,5 mg/kg fiskur úr sjó 1,0 mg/kg túnfiskur
Arsen	1,0 mg/kg ferskvatnsfiskur 5,0 mg/kg fiskur úr sjó
HCCH (=HCH) Hexaklorcyclohexan (alpha, beta og gamma isomere)	0.2mg/kg fiskur úr sjó 0.03mg/kg ferskvatnsfiskur
DDT og metabolitter	0.2mg/kg fiskur úr sjó 0.3mg/kg ferskvatnsfiskur
2.4-D acid, its salts and ethers	Ekki leyfilegt í ferskvatnsfiski
Nitrosamine	0.003 mg/kg
Polychlorinated biphenyls	2,0 mg/kg
Cesium 137*	130 Bq/kg Fiskur og fiskafurðir 260 Bq/kg þurrkuðum fiski
Strontium-90*	100 Bq/kg Fiskur og fiskafurðir
Sýklalyfjaleyfar (fiskeldi) Tetracycline efnasambönd	Ekki leyfilegt (<0,01 mg/kg)

*CU 299 Annex 3

Niðurstöður

Fyrirtækið skal leggja mat á niðurstöður sýna og bera saman við kröfur tollabandalagsins (Decision 299_28 May 2010). Viðbrögð skulu skilgreind í gæðahandbók fyrirtækisins og sýnatökuáætlun endurskoðuð ef ástæða er til. Nota má töflu í viðauka til að ská niðurstöður og fá yfirlit yfir greiningar, mat og viðbrögð vegna greininga örverum og histamíni úr einni veiðiferð.

Niðurstöður rannsókna á þeirri tegund sem beðið er um vottorð fyrir skulu fylgja með beiðni um vottorð. Niðurstöður örverumælinga mega ekki vera eldri en fjögurra mánaða. Þetta þýðir að lágmarki skal taka sýni 1 x á vertíð eða á fjögurra mánaða fresti. Niðurstöður efnamælinga mega ekki vera eldri en þriggja ára. Átt er við tíma frá framleiðslu til sýnatökudags. Vottorð verða ekki gefin út nema þessar niðurstöður fylgi.